

**Reglur barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra
um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar
sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr.

Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra veitir foreldrum og barni 15 ára og eldra sem er aðili máls fjárstyrk, að teknu tilliti til efnahags foreldra/forráðamanns barna, til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir umdæmisráði Landsbyggða og í tengslum við rekstur máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi umdæmisráðs Landsbyggða, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund ráðsins, þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Veittur er fjárstyrkur vegna ritunar kæru og greinargerðar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Nánar er fjallað um hvað fellur undir fjárstyrk í 6. gr. þessara reglna.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi leyfi til flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Lögfræðingar velferðarsviðs Akureyrarbæjar afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Beiðni um fjárstyrk vegna lögmannsaðstoðar skal vera skrifleg og undirrituð. Heimilt er að líta á tímaskýrslu lögmanns sem skriflega beiðni um fjárstyrk. Ef óskað er eftir því skal kostnaðaráætlun lögmanns fylgja með beiðni, sem og afrit af síðasta staðfesta skattframtali umsækjanda. Lögfræðingar velferðarsviðs Akureyrarbæjar geta óskað eftir frekari gögnum um tekjur ef það reynist nauðsynlegt til að meta umsókn um styrk.

Við lok vinnu lögmanns skal lögmaður skila inn sundurliðaðri tíma- og kostnaðarskýrslu og skal reikningur sendur eftir að lögfræðingur velferðarsviðs hefur yfirfarið og eftir atvikum samþykkt tímafjöldann.

6. gr.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Við mat á fjárhagsstöðu skal hafa til hliðsjónar gildandi reglur Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð.

Hámarkstímagjald tekur mið af tímagjaldi samkvæmt reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjanda og þóknun til réttargæslumanna.

Barnaverndarþjónustan veitir ekki styrk vegna kostnaðar vegna ferðalaga og/eða ferðatíma lögmannna á fundi umdæmisráðs eða hjá barnaverndarþjónustu. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustunnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna prentunar málgagna. Þá er ekki veittur styrkur vegna samskipta aðila við lögmann, önnur en nauðsynleg eru í tengslum við málsmeðferð fyrir umdæmisráði og úrskurðarnefnd, nema starfsmaður hafi sérstaklega óskað eftir að lögmaður taki þátt í samskiptunum.

Þegar mál fer fyrir fund umdæmisráðs er veittur fjárstyrkur fyrir undirbúning fyrir fund umdæmisráðs með skjólstæðingi, mæting á fund, ritun greinargerðar til umdæmisráðs og kynning á niðurstöðum úrskurðar fyrir skjólstæðingi. Að jafnaði skal fjárstyrkur nema að hámarki 15 klukkustundum, sbr. þó viðmið í 7. gr. þessara reglna.

Þegar mál fer fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála er veittur fjárstyrkur fyrir gerð kæru, nauðsynlegum samskiptum við úrskurðarnefndina og barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra, andmælum og kynningu á úrskurði fyrir skjólstæðingi. Að jafnaði skal fjárstyrkur vegna meðferðar máls hjá úrskurðarnefnd velferðarmála nema að hámarki 7 klukkustundum.

7. gr.

Þegar mál fyrir umdæmisráði varðar kröfu um forsjárviptingu skal að jafnaði greiða að hámarki 15 klst. í fjárstyrk.

Þegar mál fyrir umdæmisráði varðar kröfu um vistun utan heimilis skal að jafnaði greiða að hámarki 12 klst. í fjárstyrk.

Þegar mál fyrir umdæmisráði varðar umgengni í varanlegu fóstri til a.m.k. 12 mánaða skal að jafnaði greiða að hámarki 12 klst. í fjárstyrk.

Þegar mál fyrir umdæmisráði varðar umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir, skal að jafnaði greiða að hámarki 8 klst. í fjárstyrk.

Þegar mál fyrir umdæmisráði varðar kröfu um úrræði skv. 26. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal að jafnaði greiða að hámarki 6 klst. í fjárstyrk.

8. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

9. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra fara fyrir umdæmisráð Landsbyggða og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

10. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2025 og miðast við þá vinnu sem innt er af hendi frá gildistöku þeirra. Reglur þessar taka við af samnefndum reglum sem samþykktar voru þann 18. september 2018.

Samþykkt af barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra.

f.h. barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra



Vilborg Þórarinsdóttir,

Forstöðumaður